

Starfsáætlun Kópahvols 2024-2025 - umsögn foreldraráðs

Inngangur/almennt

Hlutverk foreldraráðs Kópahvols er að styðja við starf leikskólans meðal annars með því að veita umsögn um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt um starfsáætlun Kópahvols 2024-2025.

Umsögn

Markmið starfsáætlunar Kópahvols fyrir skólaárið 2024-2025 er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat sé umbótamiðað. Áætlunin lýsir því hvaða markmið eru höfð að leiðarljósi ásamt því með hvaða hætti skuli ná þeim markmiðum með aðalnámskrá leikskóla, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá Kópahvols. Höfuðáhersla er lögð á gæði í samskiptum sem grundvallarþátt í öllu starfi skólans. Stefna skólans er Uppeldi til ábyrgðar og er skólinn enn að bæta við sig þekkingu hvað það varðar.

Unnið er út frá barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, uppbyggingu sjálfsaga - uppeldi til ábyrgðar, snemmtækri íhlutun, lýðræði og læsi í víðri merkingu. Þá varð Kópahvöll réttindaskóli UNICEF í árslok 2022 og allt starf í leikskólanum unnið með það að sjónarmiði. Lagt er upp með að efla sjálfsvitund barnanna, samskipti og samhug í samræmi við einkunnarorð skólans – gleði, samkennd, frelsi og hugrekki. Leikskólastarfið einkennist af samkennd, hlustun, virðingu og lýðræði meðal barna og starfsfólks og að efla alla í að vera þeir sjálfir.

Áherslur núverandi skólaárs snúa að innleiðingu nýrra kafla aðalnámskrár leikskóla, með áherslu á að efla sjálfspottna leiki, inngildingu og fullgildi. Áfram verður haldið áfram að efla lýðræði, opna enn frekar á val og veita börnum meira svigrúm og flæði í sjálfspottna leiki. Hægt verður að velja um deildir, Hreiður og salinn, íþróttahús Kópavogsskóla verður í vali einu sinni í viku fyrir aldursblandaðan hóp og kór elstu barna stofnaður. Haldið verður áfram með svokallaða matstofu í morgunmat og nónhressingu, en reynsla starfsfólks af því fyrirkomulagi hefur verið jákvæð og að börnin verði sjálfstæðari og lýðræði víðara.

Ýmis þróunarverkefni hafa verið í gangi og áfram mun vera horft til heimsmarkmiða og barnasáttmála SP í öllu starfi og sérstök áhersla lögð á sjálfspottna leiki, fullgildi og inngildingu. Haustið 2023 var ráðist í breytingar innanhúss með það að markmiði að nýta rýmið í salnum betur; ákveðið að færa hreyfinguna út og breyta salnum í rými þar sem fleiri en ein deild í einu getur nýtt rýmið í leik og starf. Þá var sett upp leikfangasafn þar sem börn og kennarar geta komið og skipt út efnivið á deildunum. Haldið verður áfram með þessa vinnu á núverandi skólaári í samræmi við markmið kennara um að yta undir samvinnu milli deilda, en þarna skapast tækifæri til að blanda börnum meira saman í leik. Þetta skólaár verður val alla daga um að fara í salinn, Hreiðrið eða velja að vera á ákveðinni deild á meðan helmingur barnahópsins er í útiveru á meðan. Þá er áætlað að sérgreinastjóri Hreiðursins bjóði upp á eina ferð á mánuði á listasöfn, sem verður hluti af vali.

Foreldraráð er hlynnt ofangreindum aðgerðum er snúa að því að efla samvinnu á milli deilda, auka flæði, sjálfstæði og tengsl barnanna.

Í starfsáætluninni má finna upplýsingar um öryggismál og viðhald. Til að tryggja öryggi og heilbrigði barna og starfsfólks eru öryggisráð, öryggistrúnaðarmaður og áfallaráð. Varðandi viðhald, þá telur foreldraráð Kópahvols brýnt að ráðist verði í viðhald og endurbætur og að þeim beiðnum sem liggja fyrir verði sinnt svo fljótt sem auðið er. Þá kemur fram að vonir standi til að farið verði í framkvæmdir á

húsnæðinu fyrr en síðar. Foreldraráð leggur ríka áherslu á að að ráðist verði í þær nauðsynlegu endurbætur og framkvæmdir sem leikskólinn þarf á að halda sem fyrst. Eins og sakir standa er unnið með bráðabirgðalausnir, en það er óviðunandi til lengri tíma.

Þá er í starfsáætluninni bent á upplýsingar um foreldrasamstarf, farið yfir samsetningu starfsmannahópsins og stöðugildi og hagnýtar upplýsingar um fjölda barna og aldursdreifingu.

Starfið á Kópahvoli er metið á ýmsa vegu. Í starfsáætluninni er farið yfir framkvæmd innra mats og niðurstöður matsáætlunar síðastliðins skólaárs, sem sneri að sköpun og menningu, að því er varðar styrkleika og umbótaþætti ásamt áður óunnum þáttum matsáætlunar frá 2021. Matið virðist ekki hafa verið skilgreint nægilega vel og framkvæmt of seint, en niðurstöðum var að einhverju leyti ábótavant. Þá er val á matsþáttum þessa skólaárs útlistað en matið mun snúa að námssviðinu sjálfbærni og vísindi. Foreldraráð leggur áherslu á að vandað verði til verka við framkvæmd innra mats í ár svo matið komi að gagni.

Þá er upplýst um að einnig fari fram ytra mat á vegum matsteymis um gæði leikskólastarfs í Kópavogi. Niðurstöður starfsmannakönnunar á vegum Kópavogsbæjar, sem lögð var fyrir í júní 2024, hafa ekki borist leikskólastjóra. Loks gerir áætlunin ráð fyrir að efla mat barna og virkja þau enn frekar í skoðunum og áhrifum í starfi leikskólans og markmiðum um að allar deildir komi þar að að einhverju leyti. Í tengslum við UNICEF verkefnið var lögð könnun fyrir tvo elstu árganga síðasta skólaárs t.d. um hvað börnum þætti skemmtilegast í leikskólanum og hvernig þeim þætti hvíld og matartími. Þá hittu matsteymi skólans nokkur börn í litlum hópum og lagði fyrir þau spurningar til að fá betri sýn á leikskólastarfið í augum barnanna og voru þær niðurstöður fléttaðar við heildarmatið. Loks fá öll börn leikskólans að hafa áhrif á hvað er í hádegismat að lágmarki einu sinni til tvisvar á vetri. Á afmælisdegi leikskólans er haldin formleg kosning meðal barnanna um hvað er boðið upp á í hádegismat og nónhressingu. Loks er minnst á að öll börn skólans hafi áhrif í verkefninu „Okkar leikskóli“ þar sem Kópahvoll fær kr. 1000 til ráðstöfunar fyrir hvert barn og þau hafa áhrif á í hvað þeim er varið.

Lokaorð

Foreldraráð Kópahvols telur starfsáætlun leikskólans metnaðarfulla og lýsa starfinu vel.

Virðingarfyllst,

foreldraráð Kópahvols;

Auður Ýr Jóhannsdóttir, Ágúst Valves Jóhannesson, Ágústa Steinunn Loftsdóttir og Raket Elíasdóttir